



Fjölbrautaskóli Vesturlands

ENSK3AO05-1 Námsáætlun, vorönn 2017

Kennari: Dröfn Guðmundsdóttir	Netfang: drofng@fva.is
---	---

Námsgögn:

To Kill a Mockingbird – Harper Lee
Hefi með smásögum, textum og greinum (fæst í bóksölu)
Ein eftirtalinna bóka:
a. *Gone Girl* – Gillian Flynn
b. *The Collector* – John Fowles
c. *Neverwhere* – Neil Gaiman
Mappa undir verkefni (o.fl.)

Lýsing:

Nemendur lesa kjörbókina sjálfstætt heima og gera úr henni tímaritgerð og/eða verkefni. Lesnar verða greinar, smásögur og textar frá ýmsum enskumælandi löndum og unnin verkefni þeim tengd auk þess sem stiklað verður á stóru í sögu nokkurra enskumælandi landa.

Nemendur vinna verkefni tengd löndunum sem fjallað er um hverju sinni. Nemendur vinna töluvert saman í hópum, m.a. í tengslum við skáldsöguna *To Kill a Mockingbird* þar sem unnið er í svokölluðum bókmenntahópum. **Einkunn í bókmenntahópum fer að miklu leyti eftir mætingu og undirbúningi.**

Markmið (þekking, leikni, hæfni):

Meginmarkmið áfangans er að byggja upp akademískan orðaforða, lestur bókmenntaverka og annarra texta frá mismunandi enskumælandi svæðum í heiminum.

Nemendur skulu hafa aflað sér aukinnar þekkingar og skilnings á:

- Mismunandi enskumælandi svæðum í heiminum, sögu þeirra og menningu
- Túlkun bókmenntatexta í menningarlegu og sögulegu samhengi.

Nemendur skulu hafa öðlast leikni í að rita gagnorðan texta um bókmenntaverk og önnur viðfangsefni; kynnt sér sögu ýmissa enskumælandi svæða í heiminum.

Nemendur skulu geta beitt rithefðum við ritun mismunandi texta, þeir skulu geta fjallað um ritverk á gagnrýnninn hátt og áttað sig á víðtæku samhengi þeirra.

Mikil áhersla er lögð á virkni nemenda og sjálfstæð vinnubrögð.



Fjölbautaskóli Vesturlands

ENSK3AO05-1 Námsáætlun, vorönn 2017

Námsmat:

Áfanginn er lokaprófslaus og því mikil áhersla lögð á vikni og vinnu. Verkefni áfangans eru af mörgum toga, einstaklings- og hópverkefni, munnleg og skrifleg, unnin í kennslustundum eða heima. Nokkur hluti verkefna er unninn og skilað á tölvu í gegnum Innu.

Þrjú hlutapróf verða tekin á önninni auk prófa úr *To Kill a Mockingbird* og úr kjörbók (munnlegt).

Námsmat í prósentum:

Kjörbók:	15%	Mappa:	5%
<i>To Kill a Mockingbird</i>	15%	Mæting:	5%
Hlutapróf (alls 3)	30%	Verkefni og skil:	30%

Áfanginn er að öllu jöfnu án lokaprófs. Athugið þó:

- Nemendur sem taka ekki öll **hlutapróf** gangast undir lokapróf.
- Nemendur sem skila ekki **skylduverkefnum** gangast undir lokapróf

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Á vorönn 2017 er áfanginn í F stökki sem þýðir að hann er einungis kenndur 3,5 tíma á viku (meðaltal). Fram til 8.mars er áfanginn kenndur 3 tíma á viku en upp frá því 4 tíma á viku. Áfanginn telur engu að síður 5 einingar og verður yfirferð námsefnis í samræmi við það – námsefni verður ekki skorið niður heldur er gerð krafa um aukna heimavinnu nemenda.

Nemendum ber að fylgjast með tilkynningum á INNU. Nemendum með frávík frá skólasóknarreglu er sérstaklega bent á þetta.

Nemendur skulu virða skilafresti verkefna. Aldrei er hægt að skila verkefnum til kennara eftir að aðrir nemendur hafa fengið þau til baka. Ekki er hægt að vinna upp verkefni annarinnar í annarlök.

Sjúkrapróf eru aðeins í boði fyrir þá sem eru löglega afsakaðir (tilkynnt og skráð veikindi/leyfi í INNU). Nemanda ber að hafa samband við kennara hið fyrsta til þess að fá upplýsingar um sjúkraprófið. Hafi nemandi ekki samband er lítið svo á að hann ætli sér ekki að taka prófið og þá skráist einkunnin 0.

Tölvur og símar eru einungis leyfð í kennslustundum til að leysa verkefni og skulu ekki sjást uppi á borðum ef ekki er verið að nota þau til slíks. Nemendur sem ekki virða þessa reglu geta búist við að fá fjarvistarstig. Sjá nánar um notkun snjalltækja í skólareglum FVA.

Þurfi nemendur að fara úr kennslustund þá gera þeir það að fengnu leyfi frá kennara. Nemendur sem ekki virða þessa reglu geta búist við að fá fjarvistarstig.

Sé nemandi ítrekað með óútskýrðar fjarvistir og sinni nemandi ekki viðvörðunum um að bæta lélega mætingu, áskilur kennari sér rétt til þess að fella nemandann.



Fjölbrautaskóli Vesturlands

ENSK3AO05-1 Námsáætlun, vorönn 2017

Kennsluáætlunin er aðeins til viðmiðunar og vikuáætlanir og dagsetningar skilaverkefna/prófa verða birtar í Innu.

Vika	Námsþættir	Skylduverkefni
5-6. jan	Námsáætlun	
9-13 jan	Bretland Kjörbók (lesin heima)	
16-20 jan	Bretland Kjörbók	
23-27 jan	Bretland Kjörbók (Kvikmynd í þessari viku eða næstu)	
30-3 feb	Bretland Kjörbók	
6-10 feb	Bretland Kjörbók	Próf 1 (eða í viku 13-17. feb)
13-17 feb	Írland Kjörbók	
20-24 feb	Írland	Kjörbókarverkefni / Munnlegt próf
27-3 mars	Opnir dagar	
6-10 mars	Bandaríkin – <i>Kynning á To Kill a Mockingbird</i>	Verkefni í bókmenntahópum (5)
13-17 mars	Bandaríkin – <i>To Kill a Mockingbird</i>	
20-24 mars	Bandaríkin – <i>To Kill a Mockingbird</i>	Próf 2
27-31 mars	Kanada – <i>To Kill a Mockingbird</i>	
3-7 apr	Kanada – <i>To Kill a Mockingbird</i>	
	Páskaleyfi	
19-21 apr	Ástralía – <i>To Kill a Mockingbird</i>	
24-28 apr	Ástralía	Próf úr <i>To Kill a Mockingbird</i>
1-5 maí	TBA	
8-10 maí	Upprifjun (námsmat hefst 11 maí)	Próf 3

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.